

10. fundur foreldrafélags Helgafellsskóla

Þriðjudagurinn 28. apríl 2020.

Fundurinn var rafrænn vegna samkomubanns.

Fundur hófst kl. 19:33

Mætt: Elín María Jónsdóttir, Elín Anna Gísladóttir, Steinunn Björk Halldórsdóttir, Laufey Bjarnadóttir og Jóna A. Pálmadóttir.

1. Stöður innan stjórnar foreldrafélagsins

Ási Stefánsson hefur ákveðið að hætta og lagt er til að Laufey Bjarnadóttir komi inn sem aðalmaður í hans stað. Samþykkt með öllum atkvæðum.

Anna Aurora Waage hefur sagt af sér sem aðalmaður og lagt er til að Jóna A. Pálmadóttir komi inn sem aðalmaður í hennar stað. Anna Aurora mun einnig hætta sem bekkjarfulltrúi og í SAMMOS. Samþykkt með öllum atkvæðum.

Lagt er til að Jóna A. Pálmadóttir taki stöðu gjaldkera. Samþykkt með öllum atkvæðum.

Lagt er til að Steinunn Björk Halldórsdóttir taki sæti í skólaráði. Samþykkt með öllum atkvæðum.

Lagt er til að Elín Anna Gísladóttir taki sæti í SAMMOS. Samþykkt með öllum atkvæðum.

2. Foreldrarölt

Hefur verið gengið einhver nokkur kvöld.

Við höfum vegna ástandsins ekki verið að ýta á eftir þessu. En nú fer vonandi að losna um hömlur. Vonast er eftir aukinni þátttöku út vorið.

3. Önnur mál

Allir viðburðir munu falla niður á vorönn. Rætt hvort færa eigi skólanum eitthvað til að nýta eitthvað af þeim pening sem er til. Eða taka meiri þátt í vorhátíð. Setjum okkur í samband við Rósu til að sjá hvað hentar best.

Næsti fundur verður 6. maí kl. 20:00

Fundi lokið 20:08